

Portret eftir Barböru Árnason.

böru, hún tekur þá að metta myndflötinn skreytikenndum ríkdómi smáforma en án þess að um ofhlæði sé að ræða, þetta kemur vel fram í gouache- eða vatnslitamyndum af Valgerði Þorsteinsdóttur Briem og einnig Rannveigu Tómasdóttur, en mér varð á að tímasetja þær ranglega í listdómi um hina nýafstöðnu minningarsýningu á list Barböru, en þær myndir munu báðar málaðar á árunum 1950—'52.

Þessar myndir eru ekki jafn vel þekktar og margar aðrar útgáfur á hinum skreytikennda stíl, en hér koma þó fram bestu kostir listakonunnar, — næm tilfinning fyrir litablæbrigðum og uppbyggingu smáforma þar sem ótal smáeiningar mynda trausta og áhrifaríka myndheild. Það þarf allt í senn næmleika, kunnáttu fyrir handverkinu ásamt tilfinningu fyrir fyrirmyndinni til að ná fram árangri í slíkum vinnubrögðum. Myndin af Valgerði Briem hér á síðunni er gott dæmi um alla þessa eðliskosti, — við þekkjum þessa konu aftur, fínleiki hennar og dekoratív skapgerð í gegnum myndheildina alla. Ekki aðeins útlitið er sannverðugt, heldur og einnig er hin fágæta persóna lifandi komin og hennar margbrotna taugakerfi og óvenjulega persóna. Allt þetta er undirstrikað með dökkleitri slikju myndheildarinnar þar sem dökkblátt, svart og ríkdómur jarðlita ræður ríkjum, menn taki hér eftir hinni samræmdu myndheild, sem svo mikið hefur verið borið í. Hér er um óvenjulega sálgreiningu að ræða í íslenzkri portrettmyndagerð, allt sameinast til að lýsa persónunni, litir, form, yfirbragð persónunnar, klæðaburður, bakgrunnur og fínlegar hendur. Hér er sannarlega ekki um neinn uppdrátt á útliti fyrirmyndarinnar að ræða, heldur dýpri skilning á eðli og tilgangi mannamyndagerðar. Vel hefði verið ef Barbara hefði fengið að þróa þennan stíl með nægum verkefnum.

Þriðja myndin er grafíkmynd af sofandi telpu og hún er að mínu mati ein af beztu myndum Barböru í þessum nýstíl er markaði merkilegt landnám hin síðustu fjögur ár lífs hennar. Hér hefur hún hreinsað flötinn af öllum smáformum og hér hefur hún náð markverðum árangri í þeirri viðleitni að taka hið einfalda í þjónustu sína og vinna í stórum afmörkuðum myndformum er spanna allan myndflötinn.

Barbara er ekki upphafsmaður þess að mála á krossviðarplötur og þrykkja síðan, en menn hafa yfirleitt notað aðrar litategundir en vatnsliti í þessu sambandi og tækni hennar virkar mjög persónulega. Að sumu leyti minnir þetta á einþrykk eða „mónotypur", en er öllu markvissara í útfærslu og býður upp á færri tilviljanir. Þá notar listakonan mismunandi tegundir grófkornaðs hrískappírs til að ná fram vissri áferð er prýða megi myndheildina.

Hér virkjar hún á skemmtilegan hátt reynslu sína í gerð veggteppa á nýju tæknisviði og ferst það aðdáanlega vel úr hendi, og henni virðist vaxa ásmegin með hverju ári unz þau voru öll. Bestu eðliskostir listakonunnar koma ljóslega fram í myndinni af hinu sofandi stúlkubarni, yfir þeirri mynd hvílir djúp værð, einfaldleiki og sálræn samsemd með viðfangsefninu. Það liggur við að þessi mynd verði holdi klædd því að verund hennar nálgast skoðandann og grípur tilfinningar hans sterkum tökum. Hér ríkir allt hið einfalda, — litur, lína og form — og um leið í háu veldi listrænnar fegurðar.

Oddur Guðmundsson

ÉG OG ÞÚ

Ég sem veit ekkert
þú sem veizt allt
við sátum tveir
í lautinni
sem við höfðum fundið
fyrir leyndarmál okkar
og ræddum
hvernig við ætluðum
að ryðja braut fyrir fólkið
þegar enginn myndi svelta
—hve allt yrði fagurt

við eldumst
nú ferð þú
varfærnum höndum
um glös þín
granninn tekur hatt sinn
ofan
og hvíslar að konu sinni
þarna fer hann
fyrirmynd þjóðarinnar
og stolt föðurlandsins

en ég
ég leitaði guðs
leitaði guðs í þögninni

þú talaðir fagurlega
um velgengni þjóðarinnar
og sagðir okkur
—í trúnaði—
frá peningunum
afli þess sem gera skal
hvernig við flyttum þá
í formi hráefnis
frá villimönnunum
og sköpuðum
með tækninni
margfeldi auðsins

meiri þægindi
til handa sonum okkar
dætrum okkar
og að ógleymdu
öllu gamla fólkinu

ég þagði en hugsaði
getur það verið
að ég
sem veit ekkert
viti meira
en þú
sem veizt allt.

Marius Ólafsson

LJÓÐ

Ljóðræna lindin streymir
létt fram af heiðarbrún,
fellur í litla lækinn,
liðast þar kringum tún.
Börn sér á bökkum una,
búa til menn og skip.
Allt ber í geislagliti
gleðinnar bjarta svip.

Minum í heitum huga
hátt ber þig söngsins mál,
einlægt sem æskugleði
ólgandi í mannsins sál.
Vertu á vegferð þjóðar
vegmóðum lindin skær,
heilnæm og öllum opin
uppspretta hrein og tær.